

## 30. fundur miðstjórnar

haldinn þann 7 nóvember 2013

Mættir: Kristján Þórður Snæbjarnarson, Sigurður Sigurðsson, Jens Heiðar Ragnarsson, Haraldur Arnbjörnsson, Guðrún Bergþórsdóttir, Grétar Guðmundsson, Eva K Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Sighvatur Sighvatsson, Jakob Tryggvason, Eyjólfur Ólafsson, Einar Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Svanborg Hilmarsdóttir, Andri Jóhannesson og Bára Halldórsdóttir sem ritar fundargerð.

Forföll boðuðu: Helgi Jónsson, Ómar Baldursson,

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar verður lögð fyrir á næsta fundi.
2. Félagavefur.  
Kristján hafði samband við þá sem kynntu hönnun á félagavef fyrir okkur til að fá nánari upplýsingar varðandi kostnaðinn. Rætt var um kostnað varðandi Straumlínu.is en það er samröma álit miðstjórnarmanna að rekstrarkostnaður við þann vef er mikill á ári. Kostnaður við þróun félagavefar er um 17,5 milljónir. Miklar umræður urðu um þennan kostnað. Ákveðið var að skoða þetta mikið betur áður en ákvörðun er tekin um þátttöku í þessu verkefni.
3. Skipulagsmál RSÍ, tilboð frá Capacent. Kristján lagði fram tilboð frá Capacent og kynnti fyrir stjórn (sjá fylgiskjal). Ósk hefur komið frá starfsfólki RSÍ um úrbætur þar sem starfslýsingar fyrir alla liggur ekki fyrir. Samþykkt að fela Capacent þessa vinnu.
4. Fjárhagsáætlun lögð fram, án félagavefs. Sjá fylgiskjal. Þetta er óbreytt áætlun frá síðasta fundi. Samþykkt að hún verði lögð fram fyrir trúnaðarmannaráðstefnuna sem hefst síðar í dag.
5. Iðnaðarmannasamfélagið (sambönd og félög með beina aðild að ASÍ) hafði samstarf við síðustu kjarasamningagerð. Spurningin er hvort menn vilji auka samstarfið hvort sem er á kjarasamningasviði, menntasviði eða á öðrum sviðum. Oft er um sameiginlega hagsmuni að ræða. Samstarf gæti orðið til góðs og aukið slagkraft þessara félaga. Ekki er verið að tala um sameiningar að neinu tagi né flutning á RSÍ. Sjálfsagt er að skoða málið með jákvæðum hug og ræða við aðila um hvaða fletir gætu rúmast innan þessa samstarfs. Málin verða svo rædd innan miðstjórnar þegar þau liggja fyrir.
6. Önnur mál. Kaffi og kökur og rúta austur.

Fundi slitið kl. 15:27